

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir sjúkling

RescueFlow, stungulyf/innrennslislyf, lausn. dextran 70/natríumklóríð

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Látið lækinn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um RescueFlow og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að gefa RescueFlow
3. Hvernig nota á RescueFlow
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á RescueFlow
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um RescueFlow og við hverju það er notað

RescueFlow inniheldur virku efnin dextran 70 og natríumklóríð. Það er blóðvökvalíki sem eykur blóðrúmmálið hratt í blóðrásarkerfinu og hjálpar við að hækka blóðþrýsting.

RescueFlow er notað við bráða aðstæður sem **upphafsmeðferð við blóðmissi með lækkuðum blóðþrýstingi** vegna áverka.

2. Áður en byrjað er að gefa RescueFlow

Læknirinn kann að hafa ávísað lyfinu við annarri notkun og /eða í öðrum skömmtum en tilgreindir eru í fylgiseðlinum. Fylgið ávallt fyrirmælum læknisins og leiðbeiningum á merkimiða lyfsins.

Ekki má gefa RescueFlow:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir dextrani, natríumklóríði eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6)
- við lok meðgöngu eða við fæðingu

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum áður en RescueFlow er notað ef þú:

- notar lyf sem hafa áhrif á blóðstorknun
- ert með skerta hjartastarfsemi
- ert með sykursýki og verulega hækkun blóðsykurs og natríums
- ert með langvinna nýrnabilun

Ljóst er að þegar RescueFlow er notað við neyðaraðstæður hefur læknirinn oft ekki þessar upplýsingar. Ef grunur leikur á að sjúklingur hafi einhverja þessara kvilla, skal læknirinn vega hugsanlega aukna áhættu á móti væntanlegum ávinningi fyrir sjúklinginn.

Notkun annarra lyfja samhliða RescueFlow

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Meðganga og brjóstgjöf

Ekki ætti að nota RescueFlow við lok meðgöngu eða við barnburð.

Ekki er vítað að hversu miklu leyti RescueFlow berst í brjóstamjólk. Leitaðu ráða hjá læknum ef þú ert með barn á brjósti.

Akstur og notkun véla

RescueFlow er notað á sjúkrahúsum eftir meiðsli eða við bráðar aðstæður.

Bíddu þar til þú hefur náð þér að fullu og líður vel aftur áður en þú ekur eða notar vélar.

3. Hvernig nota á RescueFlow

Heilbrigðisstarfsmaður á að gefa skal innihald eins RescueFlow poka í bláæð á tveimur til fimm mínútum sem upphafsmeðferð í bráðatilfellum. Aðeins er gefinn einn skammtur af lyfinu en venjulega fylgir gjöf annarra vökva með innrennsli eftir þörfum sjúklingsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Staðbundinn verkur getur komið fram nálægt innrennslisstað og hægt er að draga úr honum með því að nudda varlega svæðið nálægt innrennslisstaðnum. Engar aðrar aukaverkanir hafa komið fram í klínískum rannsóknum.

Ofnæmisviðbrögð geta komið fram við meðferð með dextrani en engin slík viðbrögð hafa komið fram í klínískum rannsóknum.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á RescueFlow

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni og pokaum á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins. Þetta lyf á ekki að nota ef agnir og litun/upplitun sést.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

RescueFlow inniheldur

- Virku innihaldsefnin eru dextran 70 og natríumklóríð. 1.000 ml af lausn innihalda 60 g af dextrani 70 og 75 g af natríumklóríði.
- Önnur innihaldsefni eru saltsýra/natríumhýdroxíð til að stilla sýrustig og vatn fyrir stungulyf.

Lýsing á útliti RescueFlow og pakkningastærðir

RescueFlow innrennslislyf, lausn er tær og litlaus lausn. Hún kemur fyrir í 250 ml poka sem er umvafinn ytri, í poka pakkningum með 6 eða 12 pokum. Pokinn er með snúnings (twist-off) tengi og röri úr PVC.

Markaðsleyfishafi

Oresund Pharma ApS
Orient Plads 1
2150 Nordhavn
Danmörk

Framleiðandi

Laboratoire Bioluz
Zone Industrielle de Jalday - BP 10129
64500 Saint Jean de Luz
Frakkland

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í apríl 2024.